

FUNDARGERÐ

154. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps.

Fundarstaður: Skrifstofa Mýrdalshrepps

Fundartími: Þriðjudagur 16. september 2008 kl. 16:00.

Mættir: Undirritaðir aðalmenn fræðslunefndar ásamt áheyrnarfulltrúum.

Ritari fundarins: Inger Schiöth

Formaður, Þorgerður Einarsdóttir setti fund og stjórnaði.

Gerðir fundarins:

Þorgerður bauð fundarmenn velkomna og lýsti ánægju sinni með að vera komin í stól formanns að nýju eftir tveggja ára fjarveru. Þorgerður sagði frá undirbúningsfundi um sameiningu leik- grunn- og tónskóla í eina stofnun með einum stjórnanda sbr. Samþykkt meirihluta sveitarstjórnar 1. apríl 2008 með sveitarstjórn, kjörnum fulltrúum fræðslunefndar og starfsmönnum Atvinnuþróunarsjóðs þann 10. sept. s.l. Tilgangur fundarins var að fá fram væntingar fræðslunefndar og sveitarstjórnar og ákveða næstu skref.

Einnig sóttu Þorgerður og Inger Menntastefnu Menntamálaráðuneytisins þann 12. sept. 2008 og lýsti Þorgerður ánægju sinni með þingið.

Þingið sóttu einnig sveitarstjóri og 2 fulltrúar frá grunnskóla Mýrdalshrepps.

I. Leikskólinn:

Á fundinn er mætt Halla Ólafsdóttir leikskólastjóri. Fulltrúar starfsmanna og foreldra eru ekki mættir.

1. Vistunarmál – starfsmannamál

Halla lagði fram breytingu á greinargerð vegna vistunarmála frá 153. fundi.

Eitt barn færist af yngri deild yfir á eldri deild 1. okt.

Guðný Guðjónsdóttir hóf störf 1. sept. s.l. í 100% stöðu á Fúsabóli. Þá eru alls 6 starfsmenn í 5,7 stöðugildum.

2. Ný Lög um leikskóla.

Formaður kynnti nokkur áhersluatriði á nýjum leikskólalögum og hvatti nefndarmenn til að kynna sér lögin.

Kynningarfundur er á nýrri Menntastefnu 14. október á Selfossi

3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2008.

Drög að endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2008 lögð fram til kynningar.

4. Fréttabréf leikskóla.

Formaður lýsti ánægju sinni með fréttabréf leikskólans.

5. Önnur mál.

1. Undirritun trúnaðaryfirlýsingar.

2. Halla upplýsti að fyrirhugað námskeið vegna Uppeldis til ábyrgðar væri fullt þannig að starfsmenn leikskólans komast ekki.

3. Halla gerir athugasemd við þunnar súpur er berast í mötuneyti leikskólans.

4. Halla gerir athugasemd við leka í leikskólanum.

5. Halla upplýsir um foreldrafund er haldinn var 11. sept. s.l. þar sem hún hefði stungið upp á ávaxtatíma f.h. þ.e. milli morgunhressingar og hádegismatar.

Foreldrar tóku mjög jákvætt í þetta.

Halla yfirgefur fundinn

II. Tónskólinn.

Á fundinn er mættur Kristinn J. Níelsson tónskólastjóri

1. Starfsmannamál.

Kristinn upplýsir að hann sé búinn að ganga frá ráðningu við Kára Gestsson í 100% stöðu við Tónskólann.

2. Nemendaskráningar.

Í Tónskólann eru skráðir 57 nemendur.

17 nemendur á píanó.

28 nemendur á gítar

3 nemendur á bassa

1 nemandi á flautu

2 nemendur í söng

6 nemendur á trommur

3 nemendur á fiðlu

Í sumum tilfellum eru tveir nemendur um tímann.

Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2008.

Drög að fjárhagsáætlun 2008 lögð fram til kynningar.

Kristinn upplýsir að ýmsu sé ábótavant í búnaði Tónskólans en í áætlun eru peningar ónýttir til ráðstöfunar.

3. Önnur mál.

Þorgerður óskar eftir upplýsingum hvort í Tónskólanum sé starfandi foreldraráð.

Kristinn segir það ekki vera en það myndi reynast skólanum styrkur.

Fræðslunefnd lýsir ánægju sinni með nemendafjölda Tónskólans og býður Kára Gestsson velkominn til starfa.

Kristinn yfirgefur fundinn

III. Grunnskólinn

Á fundinn eru mætt Kolbrún Hjörleifsdóttir skólastjóri, Halla Ólafsdóttir fulltrúi foreldra og Símon Þór Waagfjörð fulltrúi starfsmanna.

1. Bréf Fræðsluskrifstofu Kópavogs dags. 3. september 2008.

Umsókn um námsvist skólaárið 2008-2009.

Lagt fram til kynningar.

2. Bréf Menntamálaráðuneytis dags. 3. september 2008.

Efni: Tilkynnt um breytingar við framkvæmd samræmdra könnunarprófa.

Lagt fram til kynningar.

3. Starfsmannamál.

Kolbrún gerði grein fyrir því að skólinn væri fullmannaður.

Búið er að ganga frá ráðningu Magdalenu Sifjar Sigurbjörnsdóttur í 100% stöðu skólaliða.

4. Ný lög um grunnskóla.

Formaður kynnti nokkur áhersluatriði á nýjum grunnskólalögum og hvatti nefndarmenn til að kynna sér lögina.

Kynningarfundur er á nýrri Menntastefnu 14. október á Selfossi

5. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2008

Drög að endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2008 lögð fram til kynningar.

6. Önnur mál.

1. Undirritun trúnaðaryfirlýsingar
2. Formaður óskar eftir “fylgiblaði með skóladagatali” frá skólastjóra.
3. Skólastjóri upplýsti um að áðurgerðum “drögum að skilyrðum vegna gestanemenda” væru í frekari vinnslu.
4. Skólastjóri kallar eftir endurskoðun á dægradvöl 1. – 4. bekkjar og óskar eftir umræðu miðað við breyttar forsendur.

Kolbrún, Halla og Símon yfirgefa fundinn.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl: 18:32

_____	_____	_____
Inger Schiöth	Þorgerður Einarsdóttir Formaður	Andrína G. Erlingsdóttir
_____	_____	_____
	Guðný Sigurðardóttir	Bergþóra Ástþórsdóttir
_____	_____	_____